b. Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemi skerðingu þeirri sem kann að hafa orðið á tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi í kjölfar sameiningar, sbr. 5. tölulið.

2. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sérstakt framlag skv. 6. tölulið greiðist aðeins til þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningin hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 819 19. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 2001.

Frá og með 1. nóvember 2001 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

		kr.	
1.	**Notendagjöld:**		
	Orkugjald Dalvík	36,38	pr. m^3
	Orkugjald Árskógsströnd	53,85	pr. m^3
	Mælagjald	13,07	pr. dag
	Lokunargjald	2.500,00	
2.	**Tengigjöld:**		
	Lágmarksgjald að 400 m^3	129.535,00	
	Gjald fyrir hús umfram 400 m^3	163,00	

Umhverfisráð samþykkir að þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m^3 af heitu vatni verði veittur 30% afsláttur af því magni sem er umfram 25.000 m^3 á hvern mæli.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. október 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.